

## Jöklabreytingar skoðaðar með gömlum ljósmyndum

Snævarr Guðmundsson<sup>1</sup> og Helgi Björnsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Náttúrustofa Suðausturlands, Litlubrá 2, 781 Höfn í Hornafirði

<sup>2</sup>Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Samskipti: [snaevarr@natts.is](mailto:snaevarr@natts.is)

*Hér eru kynntar gamlar ljósmyndir af jöklum á Suðausturlandi. Elstu myndirnar eru frá því um aldamótin 1900 en aðrar frá fjórða áratug 20. aldar. Var farið á nokkra staði til að taka myndir að nýju frá sama sjónarhorni og fyrirmyndirnar. Það var gert til þess að greina jöklabreytingar sem orðið hafa og geta einnig metið með tölum stöðu jöklanna á tilteknum tímum.*

### INNGANGUR

Samanburður gamalla og nýrra ljósmynda (endurtökuljósmyndun, enska: repeat photography) er vel þekkt aðferð við mat á jöklabreytingum. Höfundar þessarar greinar hafa nokkrum sinnum birt slíkar myndir í Jökli á síðustu árum, mest til sjónræns samanburðar á jöklabreytingum. Oftast hafa fáir áratugir skilið á milli samanburðarmynda. Hins vegar má nefna samanburð við allgamlar myndir af Kotárjökli í Örafum, þ. á m. mynd Ólafs Magnússonar frá 1925 sem birtist í Jökli (Aron Reynisson, 2012) og ljósmyndir enska ferða- og leiðsögumannsins Fredericks W. W. Howell (1857–1901) frá 1891, af sama skriðjökli. Þær voru jafnframt notaðar til nákvæmasta mats á jöklabreytingum með endurtökuljósmyndun sem gert hefur verið hérlendis (Guðmundsson o. fl., 2012).

Hér eru kynntar nokkrar ljósmyndir frá fyrstu áratugum 20. aldar sem sýna skriðjökla í sunnanverðum Vatnajökli, frá Fláajökli á Mýrum vestur að Breiðamerkurjökli (1. mynd). Myndir af Mýrajökklunum svo nefndu, þ. e. Skálafells-, Heinabergs- og Fláajökli eru raktar í aldursröð, sem og myndir af Breiðamerkurjökli. Í sex tilvikum voru tókustaðir leitaðir uppi og nýjar ljósmyndir teknar frá svipuðu sjónarhorni til samanburðar.

Brautryðjendur í ljósmyndun hér á landi á 19. öld tóku sjaldan landslagsmyndir og fáir landsmenn áttu myndavélar á þeirri tíð. Fyrstu ljósmyndir sem við vitum af og sýna íslenska jökla voru teknar af Howell laust fyrir aldamótin 1900 (Howell, 1892; Ponzi, 2004). Nokkrar mynda hans gætu verið eini vitnisburðurinn um stærð sumra jökla í lok litlu ísaldar. Þá tóku danskir landmælingamenn ljósmyndir í byrjun 20. aldar. Árið 1985 færði danska landmælingastofnunin Landmælingum Íslands að gjöf fjölda mynda frá þeim tíma þegar þeir unnu að landmælingu Íslands, en það verk tók hartnær þrjú áratugi (Ágúst Böðvarsson, 1996).

Einnig eru kunnar ljósmyndir úr flugi loftskipsins Graf Zeppelin vestur með suðurströnd Íslands hinn 17. júlí 1930 (Zeppelin greifi, 18. júlí 1930). Þegar kom fram á þriðja áratug 20. aldar fjölgaði þeim sem tóku ljósmyndir af jöklum hér á landi. Af brautryðjendum má nefna Magnús Ólafsson (1862–1937) en fáir unnu jafn ótullega að því að opna augu fólks innanlands sem utan fyrir fegurð íslenskrar náttúru og hann gerði með ljósmyndum sínum (Minningsorð, 17. ágúst 1937). Nokkrar myndir hans af jöklum, m.a. Örafajökli og Eyjafjallajökli eru á ljósmynda-safni Reykjavíkur. Af öðrum ljósmyndurum, sem á þessum tíma tóku jöklamyndir, má nefna jarðfræð-